

Fundur skólaráðs Kópavogsskóla 29. maí 2018 kl. 8:00-9:30

Mætt: Pálmi og Jóhannes fulltrúar foreldra, Birna Bj. og Svanborg fulltrúar kennara, Hildur Elfa fulltrúi annarra starfsmanna, Aðalheiður grendarfulltrúi og Guðmundur skólastjóri. Fulltrúar nemenda boðuðu forföll. Guðný aðstoðarskólastjóri ritaði fundargerð.

Fundarefni:

Drög að skipulagi skólaársins 2018-2019

- Skólastjóri kynnti og umræður um skipulagið.

Kennararáðningar, framkvæmdir og fl.

- Búið að ráða 10 kennara nú þegar.
- Miklar framkvæmdir verða í skólanum í sumar. Eldhús skólans verður stækkað og fullbúið nýjum tækjum, kennslueldhúsið verður endurgert frá grunni, viðhaldsvinna í nokkrum stofum og nokkur klósettrými verða lagfærð. Það hefur fundist raki í veggjum og gólfi í suðurhluta hússins og það á að lagfæra.
- Skipulagsbreytingar í sérkennslu. Sérkennari af unglíngastigi færður niður á yngstastig og kennarar á unglíngastigi sjá um stuðningskennslu elsta stigs.
- Húsnæðið er fullnýtt og hægt að þrúka með þennan nemendafjölda og stofufjölda næstu tvö ár. Þá verður að vera komin framtíðarlausn. Kreppir að á mörgum stöðum í húsnæðinu.
- Búið að auglýsa eftir matreiðslumanni og ráðningarferli er í gangi.
- Ný heimasíða að koma í loftið og verið að færa efni af gömlu síðunni á nýja síðu.

Starfsáætlun skólaráðs 2018-2019

- Hefðbundin og set upp eins og undanfarin ár.
- Aðalheiður grendarfulltrúi ætlar að hætta í skólaráði og því þarf að finna nýjan fulltrúa.
- Aðalfundi foreldrafélagsins nýlokið og Pálmi var kosinn sem fulltrúi í skólará til næstu tveggja ára.
- Dagskrá fyrir næsta skólaár ræss. Þarf að breyta einum fundardegi og áætlunni síðan samþykkt.

Uppgjör vetrarins

- Jóhannes er búin að vera í sambandi við menntamálastofnun til að fá að sjá próf sonar síns. Hann fékk ekki að sjá það en heldur áfram að vinna í því.
- Fjölgun nemenda er töluverð og ánægjuleg.
- Það eru komnir 44 nemendur í 1. bekk. Það er skólafrelsi í Kópavogi en skólar geta þurft að neita börnum úr öðrum skólahverfum ef nemendur eru margir í viðkomandi árgangi.
- Frábært að sjá þróunina í spaldtölvnotkun á yngsta stigi. Fleiri farnir að nýta sér tæknina. Bergþóra deildarstjóri yngra stigs fékk Kópinn (viðurkenningu Menntaráðs Kópavogs) fyrir menntabúðir þar sem kennarar kenna öðrum kennurum og læra af öðrum kennurum. Þetta skipulag er að færast yfir á aðra skóla og flestir farnir að taka þátt.
- Kópavogsskóli sótti, fyrir hönd grunnskóla í Kópavogi, um styrk frá Sprotasjóði og fékk kr. 350 þúsund til að styrkja menntabúðirnar.
- Viðbrögð skólana vegna persónuverndarvinnu. Marinó G. Njálsson öryggisráðgjafi hefur verið að vinna þetta með skólunum. Allt utanumhald um upplýsingar um nemendur er orðið mun markvissara og öruggara en áður. Það er liður í undirbúningi vegna nýrra laga um persónuvernd.

- Búið er að stofna formlegt starfsmanafélag í Kópavogsskóla en það er liður í þeirri stefnu Kópavogsbæjar að efla félagsstarf í stofnunum bæjarins. Kópavogsbær greiðir kr. 600 á mánuði fyrir hvern starfsmann sem er skráður í félagið.
- Mikil veikindi starfsmanna á skólaárinu og nokkrir hafa verið í burtu í marga mánuði. Rætt um fyrirbyggjandi heilsufars skoðanir.
- Rætt um aukna þörf fyrir stuðning við nemendur.
- Umræður um fjárþörf skólanna , þörfina fyrir sálfræðinga og fl.